

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 (stjórn Fræðslusjóðs), 136. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp þar sem lagt er til að framvegis muni sá ráðherra sem fer með fræðslumál tilnefna í stjórn Fræðslusjóðs, í stað þess að sá ráðherra sem fer með málefni vinnumarkaðar tilnefni eins og verið hefur.

Með forsetaúrskurði nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmála milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, fluttist málaflokkur framhaldsfræðslu, og þ.a.l. málefni Fræðslusjóðs, til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Það liggur því fyrir að ráðuneytið sem fer með málafokkinn stýri einnig vinnu honum tengdum, eins og t.d. Fræðslusjóði. Þar sem aðeins er um formlega breytingu að ræða vonast BSRB til þess að með áframhaldandi fulltrúa ráðuneytis fræðslumála í stjórn Fræðslusjóðs verði gætt að samræmingu milli fræðslu- og menntunarkerfa.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur boðað til samráðs vegna heildarendurskoðunar á framhaldsfræðslukerfinu og lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. BSRB telur mikilvægt að í þeirri vinnu verður haft að leiðarljósi að aðgengi að menntun verði tryggt fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar óháð efnahag.

Samræmi milli kerfa er lykill að því að einstaklingar í markhópi framhaldsfræðslunnar geti átt raunverulegt aðgengi að menntun, sem síðan veitir þeim betri kjör á vinnumarkaði. Með því er átt við að einstaklingur sem fer í nám í gegnum framhaldsfræðslukerfið geti fengið það nám metið inn í áframhaldandi nám á 3. og 4. hæfniprepi.

Fyrir hönd BSRB



Fríða Rós Valdimarsdóttir
sérfræðingur í fræðslumálum